

## LÖG

### um breytingu á lögum nr. 49/1997, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Jafnframt er heimilt að taka þátt í kostnaði við vinnu á hættumati vegna annarrar náttúruvár eins og nánar greinir í lögum þessum.

2. gr.

Við 2. másl. 1. mgr. 4. gr. laganna bætist: eins og það er skilgreint í reglum sem ráðherra setur skv. 6. mgr.

3. gr.

Í stað 1. másl. 1. mgr. 13. gr. laganna koma þrír nýir málslíðir, svohljóðandi: Fé ofanflóðasjóðs, sbr. 12. gr., skal notað til að greiða kostnað við rekstur sjóðsins og ofanflóðanefndar, svo og kostnað við varnir gegn ofanflóðum. Jafnframt er heimilt að nota fé ofanflóðasjóðs til að taka þátt í greiðslu kostnaðar við hættumat vegna eldgosa. Kostnaður við varnir gegn ofanflóðum greiðist sem hér segir.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla úr gildi 31. desember 2014.

*Gjört á Bessastöðum, 12. mars 2012.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Svandís Svavarsdóttir.*